

30 nóvember 2016.

Fundur nr. 15. á árinu 2016, í aðalstjórnar Vestra, kl 17.00 í Háskólasetrinu.

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Guðfinna Hreiðarsdóttir og Gísli Jón Hjaltason.

Gengið til dagskrár:

1. Auglýsingar á utanyfirgöllum.

Arctic Fish hefur afþakkað boð um auglýsingu á göllum! Rökin voru hin sömu og hjá Arnarlax. Fyrirtækið væri ekki búið að koma sér fyrir o.s.v.frv. Gísli Jón ætlar að gera eina atlögu að fyrirtæki áður en við játum okkur sigruð.

2. Stuðningsmannavörur.

Ræddum beiðni körfukn.deildar um svuntusölu. Við þrjú lítum svo á að rétt sé að heimila það. Aðalstjórn hefur ekki hafið innkaup á stuðningsmannavörum ennþá. Auk þess slæmt að slá af góðar og frumlegar hugmyndir sem aðalstjórn sér ekki fyrir sér að nýta.

3. Uppbygging á Torfnesi.

Vegna fyrirætlana Ísafjarðarbæjar um uppbyggingu gerfigrasvallar á Tornesi, hyggst formaður óska eftir fundi með bæjarstjóra til öflunar upplýsinga. Hefur með sér fulltrúa (tæknimann) frá "uppbygginarnefndinni".

4. Staða sunddeildar

Loksins hefur tekist að koma á fundi með sunddeild til að ræða erfiða stöðu deildarinnar. Haldinn verður fundur á laugardag kl. 11.00. Á fundinn mæta formaður, varaformaður og ritari, einnig formaður og framkvæmdastjóri HSV sem og fulltrúar sunddeildar.

5. Ferðanefnd Vestra

Formaður lagði fram tillögu um skipan ferðanefndar. Hugmyndin er að fá þrjú aðila; einn stjórnarmann, og tvo utanaðkomandi til að safna saman forsendum frá deildum og setja upp reiknilíkan um ferðakostnað. Hugmyndir eru komnar um einstaklinga.

6. Nefnd um stuðningsmannavörur.

Fram kom tillaga um stofnun nefndar sem myndi móta hugmyndir um stuðningsmannavörur. Tillagan rædd og hugsanlegir kandiðatar. Kynnt frekar á næsta fundi.

Fundi slitið kl 18:30.

Fundargerð ritaði Hjalti Karls.